


# Grenndarstöðvar frístundahúsa í Dalabyggð

Tilkynningar um full ílát: 430-4700 eða [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is)



Á grenndarstöðvunum eru:

- kar/kör fyrir almennt sorp
- kar/kör fyrir endurvinnslu
- tunna/ur fyrir lífrænan úrgang

**Gráu flekkirnir** tákna svæðið sem áætlað er að nýti grenndarstöðina sem er innan þess á sumrin og hugmyndin að stöðin sé í leiðinni þegar ekið er til suðurs eða úr sveitarfélaginu frá frístundahúsinu.

Fjöldi íláta á hverri stöð er í samræmi við fjölda frístundahúsa á svæðinu og því æskilegt að losað sé í fyrstu stöð á leið notanda sé þess kostur og pláss í ílátum.

**Heilsársstöðvar (allt árið).**

**Sumarstöðvar (sjá á [dalir.is](http://dalir.is)).**

Frístundahús sem á sumrin losa á Laugum og við Fellsendarétt fara með sitt sorp í grenndarstöðina við Árblik. Þeir sem losa við Ósrétt geta farið að stöðinni við Vörðufellsrétt, sem er heilsárs.

Vegna fjarlægðar frá næstu grenndarstöð á Skarðsströnd og utanverðri Fellsströnd verður minni grenndarstöð við höfnina í Skarðsstöð á sumrin.

Lúgurnar hjá endurvinnslustöðinni í Búðardal eru aðgengilegar allt árið. Þar er tekið við endurvinnslu, gleri o.fl. auk lítillar lúgu fyrir almennt heimilissorp.

Nánari upplýsingar um hvenær sumarstaðir eru opnir og almennt um sorpmál eru á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.dalir.is](http://www.dalir.is)